

Ár 2007, fimmtudaginn 25. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Jóhann Tómas Sigurðsson.

Fyrir er tekið **mál nr. 8/2007**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## **ú r s k u r ð u r:**

### **I.**

#### **Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 2. ágúst 2007 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. ágúst 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi **A**, hdl., dagsettu 30. ágúst 2007. Var það sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. september 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 10. september 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 27. september, 18. og 25. október 2007.

### **II.**

#### **Málsatvik.**

Í júní 2007 efndi **B**, til hlutafjárútbóðs og bauð eigandi og seljandi hlutafjárins, **C**, 6.000.000 hluti í bankanum að nafnvirði 20 danskar krónur. Hafði **D**, umsjón með hlutafjárútbóðinu hér á landi í umboði seljanda. Sóknaraðili óskaði eftir milligöngu varnaraðila um gerð tilboðs í kaup á hlutum fyrir allt að 2.000.000 danskar krónur, auk þess sem eiginkona hans og þrjú börn voru hvert fyrir sig skráð fyrir sams konar tilboði. Varnaraðili gerði hins vegar ekki tilboð fyrir hönd hvers þeirra um sig, heldur gerði í eigin nafni tilboð fyrir hönd sóknaraðila og annarra viðskiptamanna sinna. Var markaðsviðskiptadeild varnaraðila skráð fyrir 4.000.000.000 íslenskra króna fyrir hönd 75 viðskiptavina, þ.á m. sóknaraðila, og eignastýringardeild varnaraðila fyrir 100.000.000 íslenskra króna fyrir 100 viðskiptavini í eignastýringu.

Eftirspurn reyndist langt umfram framboð og var hlutum því deilt niður á þá, sem gert höfðu tilboð í samræmi við ákvæði útbóðslýsingar. Fékk varnaraðili úthlutað 12.000.000 íslenskra króna að markaðsverðmæti fyrir hvorn hóp viðskiptavina sinna. Var hlut markaðsviðskiptadeildar skipt jafnt niður á þá 75 viðskiptavini sem óskað höfðu eftir

því að skrá sig fyrir hlut. Eignastýringardeild varnaraðila deildi sínum hlut út í þeim hlutföllum sem viðskiptavinir höfðu skráð sig fyrir.

Sóknaraðili, kona hans og þrjú börn fengu hvert um sig 60 hluti til kaups en telja sig hafa átt að fá 271 hlut hvert, ef tilboð hefði verið gert í nafni hvers og eins. Var kvittun fyrir kaup á öllum hlutunum gefin út af varnaraðila til sóknaraðila 26. júní 2007. Sóknaraðili kveðst hafa kvartað yfir þessu við varnaraðila í byrjun júlí 2007. Málið barst úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 2. ágúst 2007.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðila verði gert að afhenda honum 1.055 hluti í **B**.

Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir að gert yrði tilboð fyrir hönd allra í fjölskyldunni sem einstaklinga að fjárhæð 2.000.000 danskar krónur fyrir hvern og einn. Varnaraðili hafi hins vegar afgreitt fjölskylduna sem stórfjárfesti og þar með brotið útboðsreglur. Hafi sóknaraðili og aðrir í fjölskyldunni því ekki fengið að kaupa nema 60 hluti hver og einn í staðinn fyrir 271 hlut. Skuldi varnaraðili fjölskyldunni því alls 1.055 hluti í **B**.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili telur að sóknaraðili eigi að beina kvörtun sinni að **D**, sem hafi séð um framkvæmd og skipulag hlutafjárútboðs **B**, hér á landi og skýringar útboðsskilmála. Varnaraðili kveður útboðsyfirlýsingu hafa verið óljósa. Hafi hann því sett sig í samband við **D**, og fengið þær ráðleggingar að gera tilboð í eigin nafni fyrir hönd viðskiptavina sinna í stað þess að gera tilboð fyrir hvern og einn einstakling. Sé slíkt og almennt tíðkað við útboð hlutafjár á íslenskum fjármálamarkaði.

Varnaraðili segir önnur fjármálafyrirtæki hafa haft sama hátt á við skráningu tilboða í greint sinn eftir ráðleggingum **D**, Þyki og óeðlilegt út frá samkeppnissjónarmiðum að senda nákvæman lista yfir viðskiptavini fjármálafyrirtækis til samkeppnisaðila, sem standi að útboði verðbréfa. Hafi af þeim sökum skapast ákveðnar vinnuáðferðir í þessum efnum, sem áður er lýst.

Varnaraðili kveðst hafa mótmælt því við **D**, að ráðgjöf félagsins hafi leitt til þess að einstaklingar, sem voru í viðskiptum við varnaraðila, hafi fengið minni hlut, en þeir sem skráðu sig undir eigin kennitölu hjá **D**. Þá hafi heldur ekki verið hægt að skrá sig fyrir hlutum á vef **D**, nema hafa vs-reikning hjá bankanum. Sé þetta óvenjulegt skilyrði og hindrandi fyrir viðskiptavini annarra fjármálafyrirtækja.

### V.

#### Niðurstaða.

Ágreiningur í máli þessu snýst um skerðingu vegna umfram spurnar eftir hlutum í hlutafjárútboði **B**. Í útboðslýsingu var gerður sérstakur greinarmunur á því hvort menn gerðu tilboð að fjárhæð 2.000.000 danskar krónur eða minna annars vegar eða hins vegar hærri fjárhæð. Kemur þar fram að þeir sem hyggist skrá sig fyrir hlutum fyrir 2.000.000 danskra króna eða minna skuli fylla út þar til gert eyðublað á vefsíðu **D**, Aðrar reglur

giltu um þá sem óskuðu að kaupa hluti umfram þá fjárhæð. Samkvæmt lýsingunni giltu mismunandi reglur um skerðingu til tilboðsgjafa eftir því hvort þeir hefðu gert tilboð fyrir 2.000.000 danskar krónur eða minna annars vegar eða fyrir hærri fjárhæð hins vegar. Skerðingin skyldi vera hlutfallsleg í fyrnefnda tilvikinu. Í síðara tilvikinu var ráðstöfun til einstakra tilboðsgjafa háð ákvörðun umsýjónaraðila skráningarinnar að höfðu samráði við seljanda. Sérstakt tillit mátti þá taka til færeystra fjárfesta.

Samkvæmt frétt **B**, um niðurstöðu hlutafjárútboðs, sem birtist á heimasíðu **E**, var mikil umfram spurn eftir hlutum í félaginu. Var kaupverðið því ákveðið 189 danskar krónur á hlut. Þá kom fram að ákveðið hefði verið að tilboð um kaup á 60 hlutum eða minna hefðu verið samþykkt óskert og skyldu tilboðsgjafar þá greiða 11.340 danskar krónur fyrir 60 hluti. Beiðnir um kaup á fleiri hlutum en 60 voru afgreiddar þannig að hver tilboðsgjafi mátti kaupa 60 hluti, auk 2% af þeim hlutum sem hann hafði óskað eftir umfram 60 hluti, námundað upp í næstu heilu tölu.

Sóknaraðili leitaði sérstaklega liðsinnis varnaraðila við að gera tilboð í hluti **B**, Kemur skýrlega fram í símtali hans við starfsmann varnaraðila, sem úrskurðarnefndin hefur hlustað á, að hann óski eftir að skrá sig, konu sína og þrjú börn hvert fyrir sig fyrir hlutum að fjárhæð kr. 2.000.000. Varnaraðili, sem er sérhæft verðbréfafyrirtæki, tók að sér að skrá sóknaraðila fyrir hlutum í nefndu félagi. Mátti sóknaraðili treysta því að varnaraðili myndi sinna því verkefni í samræmi við útboðslýsingu og fylla út þar til gert eyðublað fyrir hann. Mátti varnaraðila og vera ljóst að samkvæmt útboðslýsingu yrði skerðing vegna hugsanlegrar umfram spurnar eftir hlutum mismunandi eftir því hvort tilboðsgjafar hefðu skráð sig fyrir hlutum að fjárhæð 2.000.000 danskar krónur eða minna annars vegar eða hærri fjárhæð hins vegar. Varnaraðili verður því að bera ábyrgð gagnvart sóknaraðila á þeirri ákvörðun sinni að gera tilboð í einu lagi fyrir sóknaraðila og fjölmarga aðra viðskiptavinum sína. Breytir þá engu hverja ráðgjöf varnaraðili kann að hafa fengið frá umsýjónaraðila útboðsins hér á landi.

Samkvæmt framansögðu ber að gera sóknaraðila eins settan og ef hann hefði verið skráður fyrir tilboði að fjárhæð 2.000.000 danskar krónur. Ágreiningslaust er að sóknaraðili gat einungis keypt 60 hluti í nefndu félagi fyrir 189 danskar krónur hvern hlut eða samtals 11.340 danskar krónur. Eins og fyrr er rakið óskaði sóknaraðili eftir því að kaupa hluti fyrir 2.000.000 danskar krónur í nefndu félagi eða sem svarar 10.582 hlutum miðað við 189 danskar krónur á hvern hlut. Ef rétt hefði verið staðið að málum hjá varnaraðila, hefði sóknaraðili í samræmi við niðurstöðu hlutafjárútboðsins því átt að geta keypt 2% af þeim hlutum sem voru umfram 60, þ.e. 2% af 10.522 hlutum, eða sem svarar 211 hlutum þegar hækkað hefur verið upp í næstu heilu tölu.

Í málinu liggur fyrir kvittun varnaraðila, dagsett 26. júní 2007, fyrir kaupum sóknaraðila á 300 hlutum í **B**, sem svarar til þeirra hluta, sem honum, konu hans og þremur börnum þeirra var gefinn kostur á að kaupa í hlutafjárútboðinu. Eru viðskiptin gerð upp í einu lagi í nafni sóknaraðila. Á framangreint því við einnig við um hluti, sem aðrir í fjölskyldu sóknaraðila voru skráðir fyrir.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið er það niðurstaða máls þessa að varnaraðila sé skylt að afhenda sóknaraðila 1.055 (5 x 211) hluti að nafnverði 20 danskar krónur í **B**, gegn greiðslu á 189 dönskum krónum fyrir hvern hlut eða samtals 199.395 (5 x 39.879) dönskum krónum.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Varnaraðila, fjármálafyrirtækinu **F**, er skylt að afhenda sóknaraðila, **M**, 1.055 hluti að nafnverði 20 danskar krónur í **B**, gegn greiðslu á 199.395 dönskum krónum.

Reykjavík, 25. október 2007.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

---

Jóhann Tómas Sigurðsson